

Tillaga að breytingu á starfsreglum stjórnar deildar leiðsögufólks

Aðalfundur 4. nóvember 2025

Núgildandi starfsregla stjórnar deildar leiðsögufólks:

“Almennt

...

Stjórn deildar leiðsögufólks í VR skal vinna sem ein heild og er sem slík ábyrg í störfum sínum gagnvart félagsfólki í deild leiðsögufólks í VR. Fundargerðir deildar leiðsögufólks í VR eru aðgengilegar félagsfólki á vef félagsins.”

Breytist svo:

Almennt

Fulltrúar í stjórn deildar leiðsögufólks í VR skulu í störfum sínum hafa mannvirðingu að leiðarljósi. Þau kappkosta að skiptast á skoðunum og takast á við sín verkefni á málefnalegum grundvelli. Stjórn starfar í umboði félagsmanna í deildinni og ber ábyrgð á verkum sínum gagnvart þeim. Fundargerðir deildar leiðsögufólks í VR eru aðgengilegar félagsfólki á vef félagsins.

Skýring:

Fyrsta reglan í starfsreglum stjórnar deildar leiðsögufólks í VR er sú að stjórn **SKULI** vinna sem ein heild. En hvað þýðir slík krafa í ljósi þess að fólk í stjórnnum er ávallt kosið persónukosningu, hvorki kosið um eina heild, né um lista.

Í lögum og stjórnarskrá er skýrt kveðið á um að kjörnir fulltrúar eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu. Þeir eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum. Það ríkir auk þess skoðana- og tjáningarfrelsi í landinu svo framarlega sem lög og siðareglur eru ekki brotnar.

Afdráttarlaus krafa um að stjórn vinni sem ein heild virðir ekki þessi grundvallaratriði mannréttinda og lýðræðis og bíður hættunni heim á að misfara með vald. Hún vekur líka hugrenningartengsl við einræðisherra í fortíð og nútíð. Þeirra háttur er og hefur verið að afnema þessi mikilvægu mannréttindi, þ.e. skoðana- og tjáningarfrelsið.

Fyrstu lögin sem tóku t.d. gildi eftir að Hitler komst til valda hétu *Lög Nasistaflokksins til að tryggja EININGU flokks og ríkis*. Í skjóli þeirra afnam hann öll mannréttindi.

Þess vegna segjum við að aðgát skuli höfð þegar búnar eru til reglur sem taka til félagasamtaka og leggjum til að í stað afdráttarlausrar kröfu um einingu komi ákvæði sem hvetur stjórn til að nálgast skiptar skoðanir samstarfsfólks í stjórn af virðingu og vinna frekar að því að ná sameiginlegri lendingu í málum með þann rétt hvers og eins stjórnarmanns í huga að þeim sé frjálst að tjá sig og hafa skoðanir.

Virðingarfyllst,

Atli Sigurðarson

T-póstur: atli@arex.is

Guðný Margrét Emilsdóttir

T-póstur: gudny.margret.emils@gmail.com

Sigrún H Pálsdóttir

T-póstur: sigrunhpalsdottir@gmail.com

- leiðsögumenn og fullgildir félagsmenn í VR og deild leiðsögufólks í VR